

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	ÍSL 212 Vorönn 2013	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Benedikt Bragason, Kristín Árnadóttir	Sk.st.	BEB, KRÁ
----------------	---------------------------------------	---------------	----------

Áfangalýsing: Í áfanganum verður norræn goðafræði lesin og nemendur kynnst hugmyndaheimi norrænna manna til forna. Fjallað verður um sögu máls og menningar frá frumnorrænum tíma til okkar daga. Auk þess fá nemendur þjálfun í helstu aðferðum við meðferð heimilda og skrifa eina heimildaritgerð.

Markmið:

Að nemandi:

- þekki helstu atriði í heimssögu norrænnar goðafræði.
- kannist við helstu goð norrænna manna og hlutverk þeirra.
- þekki sögu íslenskrar tungu frá upphafi til okkar daga.
- þekki helstu einkenni íslenskunnar og tengsl hennar við önnur tungumál.
- kynnist helstu aðferðum við meðferð tilvitnana, tilvísana og heimilda í ritgerðarsmíð.
- læri að byggja upp og ganga frá heimildaritgerð.

Námsgögn:

Íslenska tvö eftir Ragnheiði Richter, Sigríði Stefánsdóttur og Steingrím Þórðarson (útg.2007)

Áætlun um yfirferð:

1. lota (4 vikur) vikur 2 - 5

7. janúar – 1. febrúar

Kynning á áfanga og námsefni. Norræn goðafræði; *Íslenska tvö*, bls. 10 – 12, 14 - 21, 57 - 90, 131 - 137, 188 - 200, 230 - 235, 290 – 295, 300 - 310 og 328 – 333. Farið verður yfir helstu þætti norrænnar goðafræði, upphaf heimsins og lok samkvæmt norrænni trú og fjallað um helstu goð og vætti. Nemendur vinna tímaverkefni og kynningar um efnið.

Lotu lýkur á prófi úr norrænni goðafræði. Vægi prófs til lokaeinkunnar er 35%.

2. lota (3 vikur) vikur 6 - 8

4. – 22. febrúar

Rifjaðar verða upp aðferðir við frágang heimilda og lögð drög að heimildaritgerð; *Íslenska tvö*, bls. 137 - 157. Um ritun og frágang 92 -104.

Nemendur skila heimildaverkefni. Vægi verkefnis til lokaeinkunnar er 10%.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2	ÍSL 212 Vorönn 2013	

3. lota (4 vikur) vikur 9 - 12

25. febrúar – 22. mars

Heimildaritgerð unnin upp úr norrænni goðafræði; *Íslenska tvö*, bls. 37 - 47 og . Vinnan fer að mestu fram í tímum undir leiðsögn kennara. **Nemendur skila ritgerð að lotu lokinni og gildir hún 35% af lokaeinkunn. Nemendur eru skyldugir til að skila þessari ritgerð til þess að ljúka áfanganum.**

4. lota (4/5 vikur) vikur 14 - 18

3. – 30. apríl

Farið verður yfir sögu íslensks máls og skyldleika við önnur tungumál; *Íslenska tvö*, bls. 48 - 51, 105 - 110, 116 -130, 172 – 185, 218 – 227.og 280 – 288.

Próf úr málsögu verður lagt fyrir í lok lotunnar. Vægi prófs til lokaeinkunnar er 20%.

Námsmat og vægi námsþátta:

Próf úr norrænni goðafræði	35%
Heimildaverkefni	10%
Heimildaritgerð	35%
Próf úr málsögu	20%

Ekki er lokapróf í áfanganum en nemendur verða að skila heimildaritgerðinni til þess að ljúka honum. Áhersla er lögð á góða mætingu og að verkefnum sé skilað á tilsettum skiladegi hverju sinni, sbr. reglur um verkefnaskil sem gilda í áfanganum og nemendur fá afhentar. Nemandi verður að tilkynna skrifstofu skólans ef hann getur ekki mætt í próf eða skilað verkefnum á tilsettum tíma vegna veikinda. Að öðrum kosti fellur sá hluti námsmats niður. Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengi